

Fundur Minjaráðs Vesturlands

Tími: Miðvikudagur 12. desember 2019 kl. 13:00-.

Staður: Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Mættir: Einar Brandsson, Guðrún Jónsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, og Þórhildur María Kristinsdóttir.

Fjarverandi: Ella María Gunnarsdóttir, Guðveig Eyglóardóttir, Halla Steinólfsdóttir, Hjördís Pálsdóttir, Óskar Ingi Ingason, og Valdís Einarsdóttir

Fundurinn hófst á því að Magnús A. Sigurðsson kynnti reglur sem Minjastofnun Íslands hefur sett um skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og skil á gögnum þar að lútandi, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Næst á dagskrá var stutt samantekt frá ársfundi Minjastofnunar Íslands, sem haldin var 28. nóvember á Hótel Sögu.

Næst var farið yfir stöðu stefnumótunarvinnu, sem unnin er í samstarfi við minjaráð og fleiri aðila. Stefnumótunarvinnan er á lokastigi í greiningu (stigi 1).

Að lokum voru kynnt þau verkefni sem eru inná Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og óskaði var eftir hugmyndum minjaráðs um staði sem þörf er á að koma inná landsáætlun.

Fundurinn endaði á að kynnt voru verndarsvæði í byggð. Farið var yfir þau verndarsvæði sem ráðherra er þegar búin að samþykkja og að lokun voru kynntar hugmyndir um verndarsvæði í byggð í Borgarnesi.

Fundi slitið kl. 15:30.